

Þriðjudaginn 29. júlí 2008 kom stjórn Brunavarna A-Hún. saman til fundar að Hnjúkabyggð 33.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Jón Aðalsteinn setti fund..

- Dagskrá:
1. Ársreikningur 2007.
 2. Bréf Brunamálastofnunar
 3. Trúnaðarmál
 4. Boðun til aðalfundar
 5. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Lagður var fram ársreikningur 2007 unnin af KPMG á Akureyri. Tekjur voru 1,5 milljónir, gjöld 16,2 milljónir. Framlög sveitarfélaga námu 14,6 milljónum og tap ársins því 0,3 milljónir. Stjórnin samþykkir ársreikningin og vísar til afgreiðslu aðalfundar.
2. Farið var yfir athugasemdir frá Brunamálastofnun og svarbréf vegna þeirra sem sent var þann 1. Febrúar sl. Fram kom að brugðist hafði verið við athugasemdum.
3. Trúnaðarmál.
4. Samþykkt var að boða til aðalfundar þann 8. Október 2008. Slökkviliðsstjóri sér um boðun hans.
5.
 - a. Slökkviliðsstjóra er falið að leggja fram tillögur að viðveruplani á nýjum grundvelli er taki tillit til þess að dreifa ábyrgð og auki enn frekar á reynslu innan slökkviliðsins. Tillögurnar liggi fyrir eigi síðar en 1. September 2008.
 - b. Rætt um endurnýjun tækja og búnaðar. Samþykkt að ræða tillögur að endurnýjun á næsta aðalfundi.
 - c. Rætt um stöðu eldvarnareftirlitsins. Slökkvistjóri lýkur heimsóknnum á alla bæi fyrir aðalfund í byrjun október.
 - d. Rætt vítt og breytt um störf slökkviliðsins og það sem betur má fara.

Fleira var ekki bókað.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)
Gróa Lárusdóttir (sign)
Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)